

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/31/EB

frá 8. maí 2001

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/387/EBE varðandi dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 2000/40/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/387/EBE frá 27. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/90/EB ⁽⁴⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 70/387/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.
- 2) Í tilskipun 98/90/EB voru settar fram hönnunarkröfur fyrir stigaþrep og handföng stýrishúsa með það fyrir augum að auka öryggi fólks þegar það fer inn í og út úr stýrishúsi tiltekinna þungaflutningabifreiða.
- 3) Hönnun tiltekinna stýrishúsa, sem þegar eru á markaði, uppfyllir ekki þær sérstöku kröfur sem settar voru fram í tilskipun 98/90/EB þótt þau séu talin jafn örugg. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skýra frekar tæknikröfurnar svo að unnt sé að leyfa slík stýrishús.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 70/387/EBE er hér með breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

1. Frá og með 1. október 2001 er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum sem varða dyr á ökutækjum:

- að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- að banna að ökutæki verði seld, skráð eða tekin í notkun,

ef ökutækin eru í samræmi við kröfur tilskipunar 70/387/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. desember 2001:

- skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu, og
- er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir nýja gerð ökutækis, af ástæðum sem varða dyr á ökutækjum, ef hún er ekki í samræmi við kröfur tilskipunar 70/387/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. maí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9.⁽³⁾ Stjútíð. EB L 176, 10.8.1970, bls. 5.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 337, 12.12.1998, bls. 29.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 70/387/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málslíður bætist við lið 1.2:

„Síðastnefnda krafan á ekki við um fjarlægðina frá efsta þrepinu að gólfi stýrishússins.“

2. Í stað sjöunda undirliðar í lið 1.3. komi eftirfarandi:

„— Skörun þrepa á langveginn (J) frá einu þrepi til hins næsta í sama stiga eða frá efsta þrepinu að gólfi stýrishússins: ... 200 mm.“

3. Í stað inngangsorðanna í lið 2.2.3. komi eftirfarandi:

„Að auki skal (P), lágmarksfjarlægð efri marka handriðs eða handfanga eða jafngildra handfesta frá gólfi stýrishúss, vera: ...“
